

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Frumvarp til fjárlaga 2020, þingskjal 1

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vill vekja athygli á nokkrum atriðum sem það telur mikilvægt að hafa í huga við umfjöllun og afgreiðslu frumvarpsins á alþingi. Samantektin tekur aðeins á nokkrum meginatriðum í ljósi þess hve stuttur umsagnarfrestur er um frumvarpið.

Sóknaráætlun

- Mikilvægt er að hækka framlög til Sóknaráætlunar Austurlands svo markmið samningsins náist. Nú er tækifæri til að taka næsta skref varðandi þróun verkefnisins og að fleiri ráðuneyti komi að sóknaráætluninni með sín áhersluatriði með því að veita fjármagni í verkefni.

Samgöngumál

- Áriðandi er að veita meira fé til bættra samgangna á Austurlandi.
- Forgangsröðun sem fram kemur í ályktunum SSA varðandi samgöngumál verði höfð í fyrirrúmi við afgreiðslu samgönguáætlunar. Vísað er sérstaklega til nýlega samþykktar ályktunar haustþings SSA.

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun auka öryggi og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Þingið fagnar niðurstöðu nefndar um göng til Seyðisfjarðar sem ráðherra samgöngumála kynnti á Austurlandi í ágúst sl. og er í fullu samræmi við ályktanir SSA á aðalfundum undanfarin ár þar sem göng undir Fjarðarheiði hafa verið tilgreind sem forgangsverkefni í jarðgangagerð. Þingið hvetur samgönguráðherra og alþingi til að tryggja að framkvæmdir sem nefndin leggur til hefjist á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og undirbúningur hefjist strax á næsta ári. Þá er mikilvægt að hafa í huga að framtíð Austurlands alls í liggur í þeirri byltingu að tengja byggðir þess saman með jarðgöngum og þar eru einnig undir Vopnafjörður og Borgarfjörður líkt og hringtenging Mið-Austurlands.

- Samningur við Vegagerðina um almenningsamgöngur rennur út um áramót og óvissa ríkir um framhaldið. Rekstrarhalli fyrri ára má ekki lenda á landshlutasamtökunum.
- Mikill kostnaður hefur nú þegar fallið á SSA vegna dómsmáls við Sternu sem hófst 2014 og ekki sér fyrir endann á.
- Mikilvægt er að hugmyndir um innanlandsflug sem almenningsamgöngur (skosku leiðina) komist til framkvæmda í upphafi árs 2020 eins og samþykkt var á alþingi við afgreiðslu samgönguáætlunar.

Heilbrigðismál

- Auknu framlagi til HSA er fagnað en áhyggjum lýst yfir að hjúkrunarrými fá minna en nauðsynlegt þykir. Rekstur margra hjúkrunarrýma er afar erfiður og þörf er á fleiri rýmum.
- Þá er afar mikilvægt að bæta þá þjónustu sem fyrir er í fámennum byggðarlögum.
- Styrkja þarf þróun fjarheilbriðisþjónustu.
- Veita þarf auknu fjármagni til tækjakaupa.

Fráveitur

- Brýnt er að ljúka endurskoðun reglugerðar um fráveitur sem allra fyrst, fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga og auka fjárveitingar frá ríkisvaldinu.

Umhverfismál

- Umhverfismál tengjast fjölda mála sem hér eru nefnd, t.d almenningsamgöngum, fráveitum og skógrækt. Horfa þarf til þess við fjármögnun slíkra verkefna.

Menntun og rannsóknir

- Brýnt er að veitt verði fjármagn til uppbyggingar háskólanáms á Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og námið hefjist hið fyrsta.
- Áhyggjuefni er að enn einu sinni fellur niður viðbótarfjármagn til Austurbrúar en hún þjónustar háskólanema á Austurlandi og ýmis konar símenntun, m.a. fyrir fólk af erlendum uppruna.
- Mikilvægt er að auka fjárveitingar til Austurbrúar sem fara í rannsóknir í tengslum við samfélagið á Austurlandi þannig að þekking byggð á raungögnum um samfélagið byggist upp og leiði þannig til markvissari aðgerða og ákvarðana.
- Tryggja þarf sérstakar fjárveitingar til kennslu nýbúa og tvítýngdra nemenda.
- Mikilvægt er að fjármögnun framhaldsskóla sé með þeim hætti að skólarnir geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til fámennra skóla í dreifðum byggðum.
- Mikilvægt er að gæta að starfi Hallormsstaðaskóla.
- LungA-skólinn er frumkvöðull í lýðskólamenntun á Íslandi og mikilvægt að gæta að starfi og þróun þessarar nýsköpunar í fræðsluúrræðum.

Menningarstofnanir

- Mikilvægt er að standa vörð um fjármögnun til menningarmiðstöðva á Austurlandi og stuðla með markvissari skrefum að styrkingu á rekstrargrundvelli þeirra.
- Þá er mikilvægt að auka fjármagn til annarra rannsókn- og menningarstofnana í landshlutanum.

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmál

- Mikilvægt er að horft sé til þjónustu stofnana við landið allt þegar fjárveitingar eru ákveðnar, s.s. til Nýsköpunarmiðstöðvar.
- Eyrnamerkir fjármunir í þróunar-, styrkja- og stuðningsumhverfið skila sér í litlum mæli á Austurland. Mikilvægt er að skoða með hvaða hætti er hægt að stuðla að auknu aðgengi landshlutans að þessum stuðningi.

Markaðs- og kynningarmál

- Mikilvægt er að fjármunir sem eyrnamerkir eru í markaðs- og kynningarmál á landsvísu fari í markaðssetningu og kynningu sem stuðlar að dreifingu ferðamanna um landið.
- Mikilvægt er að staðið sé vörð um flugþróunarsjóð í fjárlögum til næstu ára. Einnig er mikilvægt að sú stefnumörkun að opna nýjar gáttir tengist fleiri málaflokkum, s.s. markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun- og þróun o.s.frv.

Skógrækt

- Tækifæri eru til að styrkja enn frekar fjárveitingar til skógræktar á lögbýlum þannig að virkja megi þetta grasrótastarf sem mótvægisáðgerðar í loftslagsmálum.

Náttúrustofa Austurlands

- NA er vel rekin stofnun og gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst varðandi rannsóknir á hreindýrum. Huga þarf að auknum verkefnum, t.d. hvað varðar aðgerðir í loftslagsmálum.

Vatnajökulspjóðgarður

- Framlög til Vatnajökulspjóðgarðs þurfa að vera í samræmi við stækkun landsvæðis, aukna starfsemi og fjölgun gesta.

Ofanfljóðasjóður

- Samdráttur í fjárveitingum til ofanfljóðavarna er áhyggiuefni fyrir Austfirðinga.

Tengsl stjórnarsýslustiga

- Skýra þarf með hvaða hætti samskipti alþingis og sveitastjórnarstigsins eru best tryggð og horfa þar einnig til stöðu og hlutverks landshlutasamtaka.
- Mikilvægt er að treysta rekstrargrundvöll þjónustu sýslumannsembættisins á Austurlandi.

Nánar er hér vikið að nokkrum af ofangreindum atriðum til frekari glöggvunar.

Sóknaráætlun

Austurland hefur verið í fararbroddi varðandi margvíslega vinnu við sóknaráætlun og þróun á regluverki um Uppbyggingarsjóð. Mikil áhersla hefur verið lögð á faglegt starf og þýðingarmikil verkefni hafa verið unnin undir formerkjum sóknaráætlunar, bæði út frá atvinnuþróun og nýsköpun en ekki síður hvað varðar menningarmál. Þetta er því heppilegur farvegur fyrir fleiri verkefni sem ríkið gæti nýtt enn frekar. Framlög til sóknaráætlunar þarf að auka í takt við aukinn kostnað við rekstur verkefna sem stafar m.a. af verðlags- og launaþróun, sem og aukins regluverks sem landshlutunum er ætlað að fylgja, s.s. varðandi ákvæði tengt persónuverndarmálum.

Samgöngumál

SSA lýsir ánægju sinni með aukna fjárfestingu í samgöngum. Raunalegt er þó að sjá rýran hluta Austurlands í þeirri fjárfestingu. Samgöngumál varða alla þjóðina. Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks, atvinnutækifæri, öryggi og lífsgæði. Á Austurlandi hafa nýframkvæmdir og vegabætur verið ákaflega takmarkaðar undanfarin ár og því er þörfin orðin brýn. Nefna má að

malarvegir liggja víðs vegar um fjórðunginn, m.a.s. á hringveginum, háir fjallvegir valda einangrun íbúa á vetrum vegna ófærðar og einbreiðar brýr, blindhæðir og skortur á útskotum valda hættum í umferðinni. Ljóst er að óskir íbúa Austurlands, öryggi vegfarenda og þarfir samfélagsins í samgöngumálum krefjast gríðarlegs fjármagns vegna fjársveltis undanfarinna ára. Auk þessa ber að árétta það sem haustþing SSA hefur ályktað tengt gerð jarðganga til Seyðisfjarðar.

Almenningssamgöngur er verkefni sem þarf að fjárfesta í til framtíðar og huga vel að rekstrarlegu umhverfi þessa ferðamáta sem er umhverfisvænni en einkabíllinn og kemur sér vel fyrir samfélagið í heild.

Rétt er að benda á innanlandsflug og mikilvægi þess fyrir íbúa Austurlands, ekki síst vegna fjarlægðar við höfuðborgina. Öruggt innanlandsflug eykur framleiðni fyrirtækja, sinnir stofnunum og er hluti af lífsgæðum vegna aðgengis að ýmissi þjónustu og afþreyingu. Verðlagið er þannig að allt ofantalið er tæplega valkostur þar sem almennur íbúi getur í reynd ekki nýtt sér flugið nema í yfstrustu neyð. Verð innanlandsflugs gerir landshlutanum erfitt fyrir í samkeppni um nýja íbúa og ferðamenn. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að innanlandsflug sem almenningssamgöngur (skoska leiðin) komist til framkvæmda strax í ársbyrjun 2020.

Heilbrigðismál

Heilbrigðismál eru afar mikilvægur málaflokkur fyrir alla íbúa, en þó ekki síst í dreifbýli þar sem lengra er að sækja þá þjónustu. SSA fagnar auknu framlagi til Heilbrigðisstofnunar Austurlands en minnr á alla þá þjónustu sem landshlutinn þarfnast og þarf að efla.

Á haustþingi SSA 2019 var ályktað um heilbrigðismál:

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- * Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eftt og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.*
- * Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar.*
- * Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum með kaupum á nauðsynlegum greiningartækjum á heilsugæslum staðsettum í nánd við sjúkraflugvelli.*
- * Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þátttöku félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstaklinga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.*
- * Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýmum til gildandi viðmiða.*
- * Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræðilegra aðstæðna í landshlutanum.*
- * Þá ítrekar þingið fyrri kröfur um að hluti þyrslusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.*

Bráðabjónusta, fæðingarbjónusta, heilsugæsla, öruggir sjúkraflutningar og aðgengi að sérfræðibjónustu (þ.m.t. geðheilbrigðisbjónustu) er gríðarlega áriðandi fyrir íbúa Austurlands. SSA hvetur fjárlaganefnd til að leggja HSA til það fjármagn sem þarf svo unnt sé að halda í og efla þá bjónustu í byggðarlögum Austurlands. Samdráttur í bjónustu, eins og læknaviðveru og komum hjúkrunarfræðinga í þéttbýlisstaði, er afar bagalegur. Eins er sérstakt að framlög til hjúkrunarrýma 2020 á Austurlandi fá minna fjármagn en ríkisreikningur sagði til um reksturinn árið 2018.

Fráveitur

Brýnt er að ljúka endurskoðun reglugerðar um fráveitur sem allra fyrst. Þá þarf að ljúka frágangi á fráveitum með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga og auka fjárveitingar frá ríkisvaldinu.

Menntun og rannsóknir

Brýnt er að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og námið hefjist hið fyrsta. Framlög til framhaldsskóla eru nánast óbreytt á milli ára sem þýðir í raun niðurskurð á mótí launahækkunum. Gæta verður þess að fámennum framhaldsskólum í hinum dreifðu byggðum, eins og á Austurlandi, sé gert kleift að halda úti námsframboði sem kemur til móts við ólíkar þarfir og sinna náms- og starfsfræðslu. Að bjóða upp á öflugt framhaldsskólanám í nærumhverfi eykur menntun í landshlutanum og lífsgæði íbúanna. Einnig þarf að gæta þess að skólarnir fái fjármagn til að mennta nýbúa á þeirra forsendum og efla íslenskukunnáttu þeirra til að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í samfélaginu. Það sama á við um fjármagn til íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá Austurbrú. Fjárveiting til Austurbrúar 2020 er ekki í takt við fyrri ár og tryggja þarf að stofnunin fái það fjármagn sem þarf til að sinna símenntun fullorðinna, veita fullorðnum námsmönnum tækifæri til náms og veita nemendum bjónustu, ráðgjöf og aðstöðu. Bent skal á sérstöðu Hallormsstaðaskóla og LungA-skóla á landsvísu og mikilvægt að gætt sé að því frumkvöðla og þróunarstarfi sem fram fer hjá þessum fræðlustofnunum.

Menningarstofnanir

Að framlög til menningarmiðstöðva á Austurlandi standi í stað er mikið áhyggjuefni þar sem íbúar Austurlands búa svo langt frá þeim menningarmiðstöðvum sem þjóðin rekur. Menningarmiðstöðvarnar eru því lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi og leggja sitt af mörkum til að jafna aðgengi landsmanna að menningu.

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmál

Þrátt fyrir 2,9% aukna fjárveitingu til Nýsköpunarmiðstöðvar frá árinu 2018 er staðan sú að miðstöðin er ekki með starfsmann á Austurlandi til að sinna frumkvöðlum í landshlutanum. Mikilvægt er að horft sé til bjónustu stofnana við landið allt þegar fjárveitingar eru ákveðnar. Mikilvægt er að rýnt sé í umhverfi frumkvöðla- og sprotafyrirtækja á landsbyggðinni m.t.t. aðgengis að þróunar-, styrkja- og stuðningsumhverfi sem fjármagnað er af opinberum aðilum. Ljóst er að fjármunir sem eyrnamerkir eru í þetta á fjárlögum skila sér í mjög litlum mæli til Austurlands.

Markaðs- og kynningarmál

Mikilvægt er að fjármunum sem eyrnamerkir eru markaðs- og kynningarmálum sé varið í kynningu sem styður við dreifingu ferðamanna um landið. Austurland getur sannarlega tekið við fleiri gestum og því ætti að gera svæðinu mun hærra undir höfði í markaðsstarfi sem fjármagnað er með opinberu fé að hluta eða öllu leyti.

Einnig er mikilvægt að standa vörð um flugþróunarsjóð í fjárlögum til næstu ára. Reynsla í öðrum löndum sýnir að það verkefni að opna nýjar gáttir er langhlaup sem þarf verkfæri líkt og flugþróunarsjóðurinn er. Einnig er mikilvægt að sú stefnumörkun að opna nýjar gáttir tengist fleiri málaflokkum; markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun og þróun o.s.frv. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa staðið að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands með töluverðum fjármunum undanfarin ár og áframhaldandi stuðningur ríkisins er nauðsynlegur í þeim verkefnum sem framundan eru.

Skógrækt

Samdráttur er á fjárlögum til skógræktar. Athygli vekur að aukning til skógræktar á lögbýlum skuli vera gerð á kostnað fjárveitingar til Skógræktarinnar. Mikilvægt er að lagðir séu viðbótarfjármunir inn í málaflokkinn svo um raunverulega aukningu sé að ræða en ekki tilfærslu á fjármunum á milli fjárlagaliða. Til að átak eins og kolefnisbindingarátakið komist raunverulega til framkvæmda þarf að fylgja því eðlilegur stuðningur inn í þennan málaflokk.

Náttúrustofa Austurlands og Vatnajökulsþjóðgarður

Báðar stofnanirnar skipta miklu máli á Austurlandi. Hjá Náttúrustofu Austurlands (NA) er unnið að rannsóknum á náttúrufari og m.a. má benda á að stofan annast rannsóknir á hreindýrum, sem einungis er að finna á Austurlandi og er dýrmætur þáttur í lífríki landsins. Hjá NA hefur byggst upp mikil fagleg þekking sem gæti glatast ef stöðugleiki fer ekki að skapast í rekstrargrundvellingum fyrir starfseminni.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur nú verið starfræktur í tæp tíu ár. Framlög til þjóðgarðsins hafa ekki fylgt þörfinni fyrir uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að þjóðgarðurinn standi almennilega undir nafni. Á þessum sömu tíu árum hefur gestum fjölgað gífurlega og starfsemin aukist jafnhliða. Þar má nefna landvörslu, störf þjóðgarðsvarða og þjónustu miðlægrar skrifstofu. Fjárframlög til reksturs þjóðgarðsins aukast en ljóst má vera að það dugir skammt fyrir svo víðfeðmt svæði eins og garðurinn nær yfir, og var aukið umtalsvert á síðasta ári. Í því samhengi er vakin athygli á að garðurinn þarf að anna móttöku gestanna sem telja nú 1,2 milljónir árlega og krefst það ákveðins starfsmannafjölda og umsýslu.

Ofanflóðavarnir

Mikilvægt er að haldið verði áfram með þær framkvæmdir og áfanga sem þegar eru á áætlun Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga, svo og undirbúningi frekari framkvæmda. Mikið öryggismál er að endurskoða áhættumat að loknum framkvæmdum á ofanflóðavörnum á byggð neðan slíkra varna.

Sýslumaður Austurlands

Í nokkur ár hefur verið bent á þá miklu skekkju sem er í grundvelli fjárveitingar til sýslumannsembættisins á Austurlandi. Frumvarpið ber með sér að ekki standi til að leiðrétta þá stöðu sem leiðir til þess að opnunartími skerðist og þjónustustig minnkar í landshlutanum.

Hægt væri að fjalla um fleiri atriði frumvarpsins og vafalítið finna þar fleiri liði sem bæri að fagna. Hér er þó áherslan á það sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi telur að lagfæra þyrfti þegar frumvarp til fjárlaga 2020 verður tekið til endurskoðunar hjá fjárlaganefnd og alþingi. SSA væntir þess að mega koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst,
f.h. SSA
Einar Már Sigurðarson formaður